



Ásahreppur

Laugalandi, 851 Hella · Sími 487 6501 · www.asahreppur.is · asahreppur@asahreppur.is

Iðnaðarráðuneytið
Arnarhvoli
150 - Reykjavík

Iðnaðarráðuneyti			
Málsnr.	IDN10080019	Ábm.	HeRa
B lyk.	Z. I. 1	Aðrir	D. R.
Mótt.	31. 10. 2011	Fskj.	
Athn.		Trúnm.	

T Laugalandi 27. október 2011
Tilv. IDN10080019/2.1.1

Efni: Umsögn hreppsnefndar Ásahrepps, kt. 430169-0339, um tilögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða.

Á fundi hreppsnefndar Ásahrepps, þann 18. október.s.l., var tekið fyrir erindi þitt, dagsett 19.08.2011, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða. Þeim athugasemdum sem bókaðar voru, fundargerð hreppsnefndar, er hér með komið á framfæri:

„Hreppsnefnd Ásahrepps fagnar því að vinna við rammaáætlun skuli vera á lokastigi og telur mikilvægt að faglegt mat ráði því í hvaða flokka virkjanakostir flokkast og pólitik hafi sem minnst áhrif þar á. Í rammaáætlun eru tekin fyrir 5 svæði innan stjórnsýslu Ásahrepps sem eru Vonarskarð (92), háhitasvæði við Hágöngur (91 og 104), Skrokkölduvirkjun (26), Norðlingaölduveita (27) og Urriðafossvirkjun (31).

Hreppsnefnd gerir athugasemdir við þá röðun sem fram kemur í rammaáætlun að Norðlingaölduveita í 566-567,5 m y.s. án setlóns hefði átt að fara í biðflokk en ekki í verndarflokk eins og tillagan gerir ráð fyrir. Fullnægjandi rannsóknir hafa ekki farið fram, þar með talið umhverfismat á síðustu útfærslu (566-567,5 m y.s.). Hreppsnefnd Ásahrepps telur að ekki hafi verið tekin fagleg afstaða vegna skorts á þessum gögnum. Eftir að náttúruverndaráætlun 2009-2013 var lögð fram skipaði umhverfisráðherra nefnd sem fjallar um stækken friðlands í Þjórsárverum, nefndin er enn að störfum og hefur ekki skilað álið, en fyrir liggur að ekki er samstaða um stækken friðlandsins í Þjórsárverum til suðurs, þrátt fyrir yfirlýsingar umhverfisráðherra þar um. Hreppsnefnd bendir einnig á að þarna er um að ræða einn hagkvæmasta virkjanakostinn í rammaáætlun.

Hreppsnefnd Ásahrepps er ekki að taka afstöðu til þess hvort ráðast eigi í framkvæmdir við Norðlingaölduveitu í fyrrgreindri hæð en telur eðlilegt að þessi kostur eins og aðrir séu flokkaðir óháð inngrípum stjórnlvalda eftir að vinna verkefnastjórnar rammaáætlunar hófst og ítrekar það álit að veitan hefði átt að flokkast í biðflokk uns fram hefði farið umhverfismat á framkvæmdinni.

Í þingsályktunartillögu Iðnaðarráðuneytisins um vernd og nýtingu orkuauðlinda skortir alveg samanburðarrannsóknir á samfélagsáhrifum af virkjunarkostum í byggð/óbyggð. Félagsleg áhrif virkjunaráforma á nærsamfélög eru vanmetin í skýrslunni, þar sem þau eru litið rannsókuð. Yfirlýstum markmiðum rammaáætlunar um að skapa sátt um nýtingu orkuauðlinda verður ekki náð án faglegra rannsókna.“

Virðingarfyllst, f.h. Ásahrepps kt. 430169-0339

þindus b. Indriðadóttir
Eyðis b. Indriðadóttir, oddviti
Laugalandi 851 Hella